

Fimmtudaginn 20. október 1994.

Nr. 377/1992.

**Protabú Hannesar Sigurgeirssonar
Guðrún Magnúsdóttir og
Þorvaldur Hannesson**

(Sigmundur Hannesson hrl.)

gegn

Jóni Magnússyni

Víxlar. Málsástæður. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Markús Sigurbjörnsson og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjendur skutu þessu máli til Hæstaréttar með stefnu 28. september 1992. Þau krefjast sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjenda fyrir Hæstarétti.

Með úrskurði Héraðsdóms Suðurlands, upp kveðnum 10. september 1993, var bú Hannesar Sigurgeirssonar, sem var aðili að málinu í héraði, tekið til gjaldþrotaskipta. Hefur þrotabú hans tekið við málsaðild fyrir Hæstarétti samkvæmt 3. mgr. 23. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 166. gr. laganna, eins og þeim var breytt með lögum nr. 38/1994.

Fyrir Hæstarétti hafa áfrýjendur, sem létu þingsókn falla niður í málinu fyrir héraðsdómi, uppi þá nýju málsástæðu, að réttur samkvæmt sýningarvígli, sem stefndi styður kröfur sínar á hendur þeim við, hafi fallið niður vegna vangeymslu, þar sem of langur tími hafi liðið frá útgáfudegi víxilsins, þar til hann var sýndur til greiðslu. Stefndi hefur mótmælt, að þessi málsástæða áfrýjenda fái komist að í málinu. Telur hann, að fyrir því sé ekki fullnægt skilyrðum 45. gr. laga um Hæstarétt Íslands nr. 75/1973, sem gildi við áfrýjun þessa máls, sbr. nú 2. mgr. 163. gr. laga nr. 91/1991, eins og þeim var breytt með lögum nr. 38/1994.

Samkvæmt 2. mgr. 118. gr. laga nr. 91/1991 er unnt að hafa uppi varnir á þeim grunni, sem hér um ræðir, í víxilmáli, sem er rekið eft-

ir ákvæðum XVII. kafla laganna. Átti hið sama við samkvæmt gildandi reglum, þegar málið var rekið í héraði, sbr. 2. mgr. 208. gr. og XVII. kafla laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Telja verður, að það geti valdið áfrýjendum verulegum réttarspjöllum, ef þessari málsástæðu verður ekki komið að fyrir Hæstarétti. Þykir því verða, eins og hér hagar til, að taka tillit til hennar við úrlausn málsins.

Víxill sá, sem stefndi reisir kröfur sínar á, var gefinn út 10. desember 1984, en ekki sýndur til greiðslu fyrr en 15. október 1986. Var þá liðinn sá frestur, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 34. gr. víxillaga nr. 93/1933, til að sýna víxil til greiðslu eftir útgáfudag hans. Eftir 1. mgr. 53. gr. sömu laga glataði stefndi þar með rétti til að ganga að áfrýjendunum Guðrúnu og Þorvaldi sem útgefanda og framseljendum víxilsins til fullnustu á kröfum samkvæmt honum. Ber því að sýkna þau af kröfum stefnda að öðru leyti en varðandi málskostnað.

Réttur stefnda til að krefja Hannes Sigurgeirsson um greiðslu samkvæmt víxlinum sem samþykkinganda féll á hinn bóginn ekki niður af framangreindum ástæðum og hefur ekki heldur fallið síðar niður vegna fyrningar, sbr. 1. mgr. 53. gr. og 1. mgr. 70. gr. laga nr. 93/1933. Þegar málið var höfðað, var bú Hannesar að vísu fyrra sinni til gjaldprotaskipta, en þau atvik stóðu því þó ekki í vegi, að kröfum í málinu yrði beint að honum, sbr. þágildandi ákvæði í 119. gr. gjaldprotalaga nr. 6/1978. Þar sem óumdeilt er, að þetta mál hafi verið höfðað sem víxilmál samkvæmt XVII. kafla þágildandi laga nr. 85/1936, má fallast á niðurstöðuna í hinum áfrýjaða dómi um aðrar málsástæður, sem áfrýjendur höfðu uppi í héraði, hvað protabú Hannesar varðar.

Í héraðsdómsstefnu krafðist stefndi greiðslu á 2,25% dráttarvöxtum á mánuði af 300.000 krónum frá 15. október 1986 til 1. mars 1987, en 2,5% dráttarvöxtum á mánuði af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags. Í þinghaldi í málinu 19. júní 1992 lýsti stefndi yfir þeirri breytingu á vaxtakröfu sinni, að hann krefðist sem fyrr, að sér yrðu greiddir 2,5% dráttarvextir frá 1. mars 1987, en frá 14. apríl á sama ári krefðist hann dráttarvaxta samkvæmt 10., sbr. 14. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, til greiðsludags. Þessi breyting á kröfugerð, sem héraðsdómari lét komast að í málinu, var gerð, eftir að þingsókn var fallin niður í héraði af hendi áfrýjenda, og samþykktu þau

hana því ekki fyrir dómi. Var þannig óheimilt að koma þessari breytingu, sem er áfrýjendum til íþyngingar, að í málinu án framhaldsstefnu, sbr. þágildandi 113. gr. laga nr. 85/1936. Er því ekki unnt að dæma stefnda hærri vexti en hann krafðist upphaflega samkvæmt stefnu í héraði.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm gagnvart þrotabúi Hannesar Sigurgeirssonar að öðru leyti en varðandi dráttarvexti, sem fer um eins og mælt er fyrir um í dómsorði, og málskostnað.

Áfrýjendur létu þingsókn falla niður í héraði, og voru kröfur stefnda á hendur þeim teknar þar til greina. Þótt áfrýjendurnir Guðrún Magnúsdóttir og Þorvaldur Hannesson séu nú sýknuð af kröfum stefnda, þykir verða vegna útivistar þeirra í héraði að gera þeim að greiða honum málskostnað óskipt með áfrýjandanum þrotabúi Hannesar Sigurgeirssonar í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Mál þetta var þingfest á aukadómþingi Árnessýslu 24. júní 1987, og var stefndu í héraði þá veittur frestur til greinargerðar til 2. september sama ár. Í þinghaldi þann dag voru lögð fram greinargerð og nokkur önnur skjöl, en málinu síðan frestað ótiltekið til aðalmeðferðar. Það var ekki tekið fyrir að nýju fyrr en 12. október 1989, og féll þá niður þingsókn af hálfu stefndu í héraði. Málið var þó ekki dómtekið, heldur var því frestað að nýju og ekki tekið fyrir aftur fyrr en 19. júní 1992, þegar annað var ekki gert en bóka yfirlýsingu stefnandans í héraði um breytingu á vaxtakröfu í málinu og taka það til dóms. Öll þessi þinghöld háði dómarrinn, sem kvað upp hinn áfrýjaða dóm. Þessi stórfelldi og algerlega ástæðulausi dráttur á meðferð málsins var brýnt brot á reglum þágildandi laga nr. 85/1936, og er hann vítaverður.

D ó m s o r ð:

Áfrýjendur Guðrún Magnúsdóttir og Þorvaldur Hannesson eru sýkn af kröfum stefnda, Jóns Magnússonar, í máli þessu.

Áfrýjandi þrotabúi Hannesar Sigurgeirssonar greiði stefnda 301.600 krónur með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði af 300.000 krónum frá 15. október 1986 til 1. mars 1987, en 2,5% dráttar-

vöxtum á mánuði af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjendur greiði allir óskipt stefnda 100.000 krónur í málskostnað samanlagt í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómþings Árnassýslu 29. júní 1992.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. þ. m., er höfðað fyrir aukadómþinginu af Jóni Magnússyni héraðsdómslögmanni, Skeifunni 11 A, Reykjavík, gegn Hannesi Sigurgeirssyni og Guðrúnu Magnúsdóttur, báðum til heimilis að Heilsuhæli NLFÍ í Hveragerði, og Þorvaldi Hannessyni, Kópavogsbraut 78, Kópavogi.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða stefnanda víxilskuld, að fjárhæð 300.000 krónur, ásamt [nánnar tilgreindum vöxtum og málskostnaði].

Dómkröfur stefndu eru þær, að þau verði alsýknuð af dómkröfum stefnanda í málinu.

II.

Mál þetta var höfðað sem áskorunarmál. Við þingfestingu þess 24. júní 1987 var sótt þing af hálfu allra stefndu og málinu vikið til sérstakrar meðferðar í samræmi við 9. gr. laga nr. 97/1978. Á reglulegu aukadómþingi 2. september 1987 skiluðu stefndu greinargerð sinni. Er þá bókað í þingbók, að málinu sé frestað ótiltekið til aðalflutnings. Næst var þingað í málinu 12. október 1989, en dómari sá, er nú fer með málið, fékk það til meðferðar 16. september sama ár. Í því þinghaldi lagði stefnandi fram greinargerð sína, svo sem skylt var samkvæmt 9. gr. laga nr. 97/1978, sbr. 105. gr. laga nr. 85/1936, sbr. nú 2. mgr. 230. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 26. gr. laga nr. 54/1988. Þá var enn fremur lagt fram bréf frá lögmanni stefndu, þar sem fram kemur, að hann hafi ekki í hyggju að hafa frekari afskipti af málinu. Varð útivist af hálfu stefndu í þessu síðastgreinda þinghaldi. Meðferð málsins lá síðan alveg niðri, þar til aðilar þess voru boðaðir til þinghalds 19. þ. m. Það þinghald sóttu stefndu ekki, og var málið þá dómtekið að kröfu stefnanda. Verður framangreindur dráttur á meðferð málsins hér fyrir dómi ekki réttlættur á nokkurn hátt.

III.

Stefnandi málsins reisir dómkröfu sína á tryggingarvixli, að fjárhæð 300.000 krónur. Vixill þessi er út gefinn 10. desember 1984 í Garðabæ af stefndu, Guðrúnu Magnúsdóttur, framseldur af sömu, en samþykktur til

greiðslu við sýningu í Búnaðarbanka Íslands í Garðabæ af stefnda Hannesi Sigurgeirssyni. Þá er víxillinn ábektur af stefnda Þorvaldi Hannessyni. Að sögn stefnanda hafi víxillinn verið sýndur til greiðslu og afsagður sökum greiðslufalls 15. október 1986. Hafi greiðsla ekki enn borist.

Fram kemur í stefnu, að víxill sá, er hér um ræðir, hafi verið gefinn út til tryggingar efndum á kaupsamningi um fasteignina Borgarhraun 14 í Hveragerði. Þar sem sá kaupsamningur hafi ekki verið efndur, komi greiðslu-skylda samkvæmt víxlinum að fullu til framkvæmda.

Í greinargerð sinni vísar stefnandi til ákvæða víxillaga og sérreglna í 17. kafla laga nr. 85/1936.

IV.

Málavextir að sögn stefndu eru þeir, að 10. desember 1984 hafi stefndu Hannes og Guðrún undirritað samning um kaup þeirra á fasteigninni nr. 14 við Borgarhraun í Hveragerði. Tryggingarvíxill sá, sem mál þetta er sprottið af, hafi verið gefinn út til tryggingar á fyrstu greiðslu samkvæmt A-lið kaupsamningsins, 250.000 krónum. Sú greiðsla hafi síðan verið innt af hendi í tvennu lagi, 24. janúar og 19. febrúar 1985.

Í greinargerð stefndu er til þess vísað, að 9. júlí 1985 hafi stefndi Hannes séð sig neyddan til að óska eftir gjaldþrotaskiptum á búi sínu. Hafi stefnandi máls þessa lýst kröfum í þrotabúið f. h. seljenda framangreindrar eignar, þeirra Guðbjargar Þorsteinsdóttur og Hafsteins Ársælssonar. Hafi krafa seljenda numið 1.037.266 krónum. Þá hafi mál þróast á þann veg, að framangreind fasteign hafi verið seld á nauðungaruppboði. Afsal til kaupenda hafi aldrei verið gefið út, og reyndar hafi af hálfu seljenda verið farið fram á riftun kaupsamnings.

Málsástæður og lagarök stefndu eru eftirfarandi:

1. Að mati stefndu hefur stefnda Hannesi ranglega verið stefnt til að þola dóm í málinu, og beri að sýkna hann af kröfum stefnanda með vísan til 45. gr. laga nr. 85/1936. Bú Hannesar hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta árið 1985, og sé skiptum ekki lokið. Ráði stefndi því ekki yfir eignum sínum, svo að þýðingu hafi fyrir þrotabúið. Mál þetta hafi verið höfðað árið 1987. Vísa stefndu enn fremur til stuðnings sýknukröfu að þessu leyti til 1. mgr. 53. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 3. mgr. 54. gr. sömu laga, svo og til 22. gr. og 1. tl. 118. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978.

2. Þá reisa stefndu sýknukröfu sína á því, að vegna riftunar á áðurnefndum kaupsamningi sé ekki unnt að krefja um greiðslu á tryggingarvíxli þeim, sem hér um ræðir. Það samrýmist ekki bæði að rifta samningi og krefjast efnda á honum.

3. Loks tilgreina stefndu þá málsástæðu, að umræddur tryggingarvíxill

hafi eingöngu átt að tryggja fyrstu greiðslu samkvæmt kaupsamningi um fasteignina Borgarhraun 14 í Hveragerði. Þá greiðslu hafi átt að inna af hendi í desember 1984, en dregist til 19. febrúar 1985 að ljúka henni. Þar sem greiðsla hafi nú farið fram, hafi tryggingarvixillinn þegar gegnt hlutverki sínu. Beri því að sýkna stefndu af dómkröfum stefnanda í málinu.

V.

Mál þetta er höfðað gegn samþykkjanda, útgefanda og framseljendum víxils á hendur öðrum manni og er því víxilmál, sem rekið verður eftir 17. kafla laga nr. 85/1936, sbr. 207. gr. laganna.

Af hálfu stefndu hefur ekki verið höfð uppi sú málsástæða, að víxilkrafa stefnanda sé niður fallin fyrir fyrningu. Verður ex officio ekki dæmt um það atriði.

Samkvæmt gögnum málsins var bú stefnda Hannesar Sigurgeirssonar tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Árnassýslu, upp kveðnum 21. ágúst 1985, og lauk kröfulýsingarfresti 11. nóvember sama ár. Gjald-dagi þeirrar víxilkröfu, sem hér um ræðir, var, svo sem áður greinir, 18. október 1986, og mál til heimtu kröfunnar var höfðað 4. og 5. júní 1987. Að þessu virtu hefur Hannesi Sigurgeirssyni réttilega verið stefnt til að þola dóm í málinu, en ekki þrotabúi hans. Að öðru leyti hafa stefndu ekki haft uppi neinar þær varnir í máli þessu, sem koma má að gegn andmælum stefnanda í víxilmáli samkvæmt 208. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 19. gr. laga nr. 93/1933. Af því leiðir, að kröfur stefnanda verða teknar til greina.

Dæma ber stefndu til að greiða óskipt stefnanda 40.000 krónur í máls-kostnað.

Þorgeir Ingi Njálsson, settur héraðsdómari, kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Hannes Sigurgeirsson, Guðrún Magnúsdóttir og Þorvaldur Hannesson, greiði in solidum stefnanda, Jóni Magnússyni, 301.600 krónur ásamt 2,25% mánaðarvöxtum af 300.000 krónum frá 15. 10. 1986 til 1. mars 1987, 2,5% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 14. apríl sama ár, en dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndu greiði óskipt stefnanda 40.000 krónur í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.